



## Fundargerð heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Fundur í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn þriðjudaginn **19. maí 2026** kl. 12:00 að Sæmundargötu 1. og í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson, Guðný Helga Kristjánsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri, Andri Már Þorsteinsson og Svavar Sigurðsson heilbrigðisfulltrúar. Róbert Smári Gunnarsson tilkynnti forföll.  
Fundarstjóri: Arnar Þór Stefánsson og ritari

---

### Dagskrá

1. Starfsleyfi og skráningar
  2. Tóbakssöluleyfi
  3. Mál til kynningar / vinna milli funda
    - A. Skipulagsmál
    - B. Umsagnir til sýslumanns
    - C. Mál frá Mast
    - D. Mál frá UOS
    - E. Úr eftirliti
    - F. Mál frá SHÍ
    - G. Mál frá ráðuneytum
  4. Ársreikningar 2025
  5. Önnur mál
- 

### 1. Starfsleyfi

#### Starfsleyfi nr. 2020

Bessastaðaveita, vatnsveita, á Bessastöðum, 531 Hvammstanga, endyrnýjun á leyfi, sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ábyrgðarmaður: Guðny Helga Björnsdóttir

**Samþykkt til 13.05.2038.**

**Starfsleyfi nr. 2021**

Albert Guesthouse slf, kt.680414-0170, vegna endurnýjunar starfsleyfis og nafnabreytingar á rekstri með gistingu, bar og morgunmat, Norðurbraut 1, 530 Hvammstanga. *sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Aðalheiður D. Sigurðurdóttir

**Samþykkt til 13.05.2038.**

**Starfsleyfi nr. 2022**

Króksfit ehf, kt.670324-0360, Vegna reksturs efnalaugar og þvottahúss að Borgarflöt 1, 550 Sauðárkróki *sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Erna Rut Kristjánsdóttir

**Samþykkt til 13.05.2038.**

**Starfsleyfi nr. 2023**

Trefill ehf, kt. 560723-1080, vegna eigendaskifti á reksturs færanlegs mat- og kaffivagns, Sætúni 4, 565 Hofsósi. *sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir..*

Ábyrgðarmaður: Sigurlaug Guðmundsdóttir

**Samþykkt til 15.05.2027**

**Starfsleyfi nr. 2024**

Benmen slf. Kt.550698-2349, Vegna reksturs Félagsheimilisins Bifrastar, með starfsemi sem felur í sér tónleika, leikhús og bíósýningar, Öldustigur 5, Sauðarkróki *sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Sigfús Arnar Benediktsson

**Samþykkt til 15.05.2038.**

**Starfsleyfi nr. 2025**

VHP ehf, kt. 211157-4379, vegna eigendaskifti og endurnýjun leyfi fyrir reksturs bíla- og vélaverkstæðis að Hlíðarhúsi, Borðeyri. *sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Vilhjálmur H Þorvarðarson

**Samþykkt til 15.05.2038.**

**Starfsleyfi nr. 2026**

Stiklur ehf. Húsey Country Guesthouse, kt. 640512-0911, vegna rekstur gistingar í flokki 2, að Húsey 1, 561 Varmahlíð, *sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Ása Dóra Finnbogadóttir.

**Samþykkt með fyrirvara.**

**Starfsleyfi nr. 2027**

Blanda ehf., kt. 520308-0400, vegna rekstur gistingar í flokki 2, að Blönduhvammi 5, 540 Blönduós, *sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Lárus Björgvin Jónsson.

**Samþykkt með fyrirvara.**

## 2. Tóbakssöluleyfi

### Tóbakssöluleyfi nr. 2028

Kaupfélag Skagfirðinga ehf., kt. 680169-5009, vegna sölu tóbaks í K.S. Ketilás þjónustustöð með smásölu að Ketilási, 570 Skagafjörður, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Árni Kristinsson.

**Samþykkt til 19.05.2030.**

### Tóbakssöluleyfi nr. 2029

Litli nabbi ehf. Bláfell, kt. 670622-0880, vegna sölu tóbaks í þjónustustöð með smásölu að Skagfirðingabraut, 550 Skagafjörður, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Þröstur Erlingsson.

**Samþykkt til 19.05.2030.**

---

## 3. Mál til kynningar / vinna milli funda

### A) Skipulagsmál

- a) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, um deiliskipulag fyrir Langaborg á Hegrnesi, Skagafirði, mál nr. 1624/2025.
- b) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, um deiliskipulag við hafnarsvæðið á Sauðárkróki vegna lóðanna Háeyri 6-8. mál nr. 249/2026.
- c) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, um deiliskipulag gamla bæjarins á Sauðárkróki - vegna Freyjugata 7-9 , mál nr. 388/2026.
- d) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, um nýtt skipulag á Skógargötureitur, íbúðabyggð á Sauðárkróki, mál nr. 392/2026.
- e) Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir sorpmóttöku og gámalóð á Hofsósi, Skagafirði, mál nr. 394/2026.
- f) Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir sorpmóttöku og gámalóð á Hofsósi, Skagafirði, mál nr. 394/2026.
- g) Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, óskar eftir umsögn sveitarfélagsins Húnaþings vestra, hvort kúluhús án salerna, með aðstöðu í kjallara félagsheimislisins Víðihlíðar og eru staðsett eru við Félagsheimilið Víðihlíð sé í samræmi við gildandi skipulag.

## **B) Umsagnir til sýslumanns**

### **Gistileyfi**

- a) Menningarhúsið, Miðgarður, 560 Varmahlíð Snorra Snorrasyni kt. 280470-3179 tímabundið gistileyfi.

### **Veitingaleyfi**

- a) Norðurlandsvegur 4, 540 Blönduós. Guðjón Ebbs Guðjónsson, kt. 020583-4799, tækifærisleyfi til áfengisveitinga og skemmtunarhalds í kosningamiðstöð
- b) Videosport ehf, Indriði Grétarsson, kt. 251176-5589, tækifærisleyfi fyrir aukinni starfsemi í samkomutjaldi vegna úrslitakeppni í körfubolta.
- c) Félagsheimilið Ásbyrgi, 531 Hvammstanga. Sigrún Birna Halldórsdóttir, kt. 220959-3259, tækifærisleyfi fyrir dansleik með Harmonikufélaginu Nikkolínu.

### **Tækifærisleyfi**

- d) Sláturhúsið við Borðeyrarveg, F142242, fótboltavöllurinn og grunnskólinn, 500 Staður. Sigríður Gunnarsdóttir, kt. 200902-3190, tækifærisleyfi fyrir Útihátíð/Listahátíð í byrjun júlí.

## **C) Mál frá Mast**

- a) Tilkynning um eftirlit frá ESA 4.-5. júní. Skoðað verður eftirlit HNV með fæðubótarefnum. Kavita/Nordpro verður fyrir valinu. Haldið verður áfram undirbúningi f. úttekt ESA í maí, en úttektin fer fram 1.-10. júní nk. Búið er að senda dæmi um skýrslur og frávík.
- b) Fundir með forstjóra Mast eru mánaðarlega vegna yfirfærslu heilbrigðiseftirlitssvæðanna.

## **D) Mál frá UOS**

- a) Búið er að koma á mánaðarlegum samstarfsfundum með UOS. Niðurstaða var meðal annars að fargufa skal vera á hjólum fara á milli. Nú eru komnar leiðbeinandi reglur frá UOS um fargufur á Íslandi.
- b) Hestafimleikar eru þeir starfsleyfisskyld eða ekki? Erindi var sent á UOS sem túlkaði hestafimleika sem reiðskóla. Heilbrigðiseftirlitið benti á alþjóðareglur um hestafimleika þar sem slík skilgreining er ekki fyrir hendi, beðið er eftir niðurstöðum frá Umhverfis- og orkustofnun.

## **E) Úr eftirliti**

- a) Tilkynning um óleyfilega notkun fullyrðinga fæðubótarefna. Kavita – málið er í vinnslu.
- b) Umsögn um skipulag Kúluhúsa við Félagsheimilið Víðihlíð – Fyrri ákvörðun heilbrigðisnefndar um afturköllun starfsleyfis felld úr gildi.
- c) Umsagnir til Atvinnuveganefndar og Umhverfis- og samgöngunefnd.
- e) Ábending um hugsanlega stjórnsýslukæru um lokun á íbúðar vegna vanþrifa.

Heilbrigðisnefnd bókar eftirfarandi:

Heilbrigðisnefnd tekur stjórnvaldsákvörðun um eftirfarandi:

Að undangenginni tilkynningu til eigenda og veitingu andmælafrests um meðferð máls skv. 14. gr. stjórnsýslulaga nr 37/1993, telur nefndin tilefni til að krefjast hreinsunar á landareignunum, Miklabæ 561 Skagafirði, Þormóðsholt, 561 Skagafirði og Kistu 531 Hvammstangi með vísan til 18. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Heilbrigðisnefnd fyrirskipar viðkomandi sveitarfélögum að sækja um tímabundið starfsleyfi vegna hreinsunar svæðanna og framkvæma nauðsynlegar hreinsunaraðgerðir eftir 8. júní 2026, verði úrbótum ekki framkvæmdar fyrir þann tíma.

Kostnaður vegna aðgerðanna kann að falla á eigendur samkvæmt gildandi reglum.

**g)** Fituskiljur við veitinga og matreiðslueldhús enn í vinnslu.

**h)** Þann 28. apríl 2026 var ráðstefna um framtíð og öryggi leikvalla á Íslandi á vegum Samgus - Samtaka garðyrkju- og umhverfisstjóra. Andri Már mætti á þá ráðstefnu sem var frjódleg og upplýsandi.

Fræðsluferð til Helsinki þar sem fjallað var um meðferð matvæla, eftirliti með hollustuháttum, þ.m.t. eftirlit með fargufum, neysluvatni, fráveitu og loftgæðum.

## **F) Mál frá SHÍ**

Umsögn SHÍ til atvinnuveganefndar og umhverfis- og samgöngunefndar.

### **G) Mál frá Ráðuneytum**

Framkvæmdastjórar Heilbrigðiseftirlitanna funduðu með Atvinnuveganefnd og Umhverfis- og Samgöngunefnd vegna breytingar á heilbrigðiseftirliti á landsbyggðinni.

### **H) Mál frá Landlæknisembættinu**

Haldnir eru mánaðarlegir örfundir um matarborna sjúkdóma.

## **4. Ársreikningur**

Ársreikningur lagður fram og samþykktur.

## **5. Önnur mál**

Næsti fundur heilbrigðisnefndar er áætlaður þriðjudaginn 25. ágúst 2026 kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 13:00.